

Umsögn Auðnu tæknitorgs um frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð, 188. Mál

Auðna tæknitorg fagnar endurskoðun laga um Vísinda- og tækniráð sem á sínum tíma var stórt framfaraskref, en sem nauðsynlegt er að endurskoða reglulega. Þjóðir sem leggja mikið upp úr nýsköpun, eins og Israel, endurskoða sína stefnu í þeim málum á nokkurra ára fresti, enda hefur gríðarlega ör tækniþróun áhrif á samfélagið, áherslurnar, samkeppnishæfnina og hvar skóinn krepur hverju sinni.

Umsögn Auðnu tæknitorgs er fyrst og fremst brýning, að vandað sé til verka við skipan í ráðgefandi Vísinda- og nýsköpunarráð sem á að vera samsett af sérfræðingum með “yfirgripsmikla þekkingu og reynslu á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar”

Þessi áhersla á sérfræðiþekkingu í Vísinda- og Nýsköpunarráði endurspeglast ekki í fyrirhugaðri samsetningu tilnefningarnefndar – t.d. aðkoma launþegahreyfingar, sem hefur verið nánast óvirk og áhugalítill í nýsköpunarumræðu síðustu ára, eða aðkomu Samtaka Atvinnulífsins, sem er í litlum tengslum við sprota- og nýsköpunarumhverfið. Það dregur úr trúverðugleika tilnefninga í hið ráðgefandi Vísinda- og nýsköpunarráð. Ætla má að ráðherranefndin, samansett af fagráðuneytum ásamt starfshópi ráðuneyta, séu vettvangurinn til að meta nægilega eftir þörfum málefni vinnumarkaðarins út frá ráðleggingum Vísinda- og nýsköpunarráðs, sem þarf nauðsynlega að vera skipað sérfræðingum um vísindi, tækniþróun og nýsköpun.

Eðlilegra væri að t.d. Samtök Iðnaðarins sem hefur látið nýsköpunarmál og hugverkaiðnað til sín taka með virkum hætti undanfarin ár og rannsóknastofnun í tengslum við atvinnulífið eins og t.d. Matís sem þekkir nýsköpun kæmu að tilnefningu í aðila í Vísinda- og nýsköpunarráð.

Auðna tæknitorg er hlutlaus aðili í eigu háskólanna, Samtaka Iðnaðarins, Landspítala háskólasjúkrahúss og rannsóknastofnana sem þjónar öllum háskólum landsins á sviði vísindalegrar nýsköpunar, framkvæmir greiningar (hugverkaréttarlegar- & markaðslegar greiningar) á vænlegum verkefnum úr vísindageiranum, sinnir frumkvöðlaþjálfun og aðstoðar vísindamenn og konur við þróun lausna við áskorunum mannkyns. Auðna sinnir meðferð hugverkaréttar og aðstoðar við viðskiptaþróun vísindalegra sprotafyrirtækja. Auðna er virkt í alþjóðasamstarfi á sviði vísindalegrar nýsköpunar og stafrænnar þróunar og er eina tækni- og þekkingaryfirfærslustofa landsins.

Við undirbúning fyrir og eftir stofnun Auðnu var nýsköpunarumhverfi í samanburðarlöndum s.s. Bandaríkjunum, Evrópu og Norðurlöndunum rýnt og lykilaðilar heimsóttir til að kynnast reynslu annarra af aðgerðum í vísindalegri/djúptækni nýsköpun um hvað virkar og hvað ekki, og starfsemi Auðnu látin taka mið af því og aðlagð að íslenskum veruleika. Sú vinna ásamt innsýn í nýsköpunar og háskólaumhverfið á Íslandi nýtist vonandi þessu nýju fyrirkomulagi sem miklar væntingar eru bundnar við.

Vísindin eru ein mikilvægasta uppspretta slíkra lausna og Auðna er farvegurinn fyrir vísindalega nýsköpun út í atvinnulífið og samfélagið. Þekking sem verður til innan íslenska vísindasamfélagsins felur í sér dýrmæta auðlind sem er mikilvægt að virkja. Þar gegnir Auðna tæknitorg lykilhlutverki. Það eykur verulega líkur á árangri ef hugað er að hugverkarétti í tíma. Við verðum að meta þekkingu að verðleikum. Fyrirtæki eins og Össur og Marel byggja velgengni sína og stærð á hugverkarétti. Verðmæti fyrirtækja í nútímasamfélagi liggur í óáþreifanlegum eignum eins og þekkingu, hugverkarétti o.þ.h. en ekki í fasteignum eða vélum.

Skýringarmynd lýsir starfsemi Auðnu í stórum dráttum





Ég leyfi mér að benda á þetta einstaka brúarhlutverk á milli vísinda, nýsköpunar og atvinnulífs sem Auðna tæknitorg gegnir og við hlökkum til að vinna áfram að verðmætasköpun úr vísindum á Íslandi með öllum hagaðilum samfélaginu til heilla og fögnum endurskoðun og aukinni áherslu stjórnvalda á samspil vísinda og nýsköpunar.

Virðingarfyllst,

Einar Mäntylä, PhD, MBA
 Framkvæmdastjóri
 Auðna tæknitorg / TTO Iceland
 www.audna.is
 Bjargargata 1
 102 Reykjavík, Iceland
 S: 6616824